15. jan. **15** **Bjref ráðgjafans fyrir Island** *til landshöfðingja* **um makaskipti á kirkjujörð.** (Ágrip). — Með brjefi þessu tilkynnti ráðgjafinn, að hans hátign konungurinn hefði 14. jan. samþykkt makaskipti á ákveðnu stykki af afrjettarlandi Þingvallakirkju fyrir jörðina Kaldárhöfða í Grímsnesi, þannig, að farið verði eptirleiðis með nefndan afrjettarlandshluta sem bændaeign, að því er gjaldskyldu snertir, en með Kaldárhöfða aptur á móti sem hverja aðra kirkjujörð.

22. jan. **16** **Brjef landshöfðingja** *til gufubátsnefndar í Múlasýslum* **um styrk til gufubátsferða í Austfirðingafjórðungi.** — Út af fyrirspurn yðar í þóknanlegu brjefi, dags. 10. f. mán., skal yður hjer með þjónustusamlega tjáð, að orðið »Austfirðingafjórðungur« í 12. gr. C. d. í fjárlögunum fyrir 1896 og 1897 verður bæði eptir nútíðkaðri merking orðsins og tilætlan laganna að skiljast um hið núverandi Austuramt, og er engin heimild nje ástæða til að takmarka styrkveitinguna við Múlasýslurnar einar. Auk Múlasýslnanna eiga því bæði Norður-Þingeyjarsýsla og Austur-Skaptafellssýsla heimting á hlutdeild í styrknum að tiltölu við það fje, sem hvert sýslufjelag leggur fram til gufubátsferðanna.

Á hinn bóginn er það augljóst, að þótt eitt eða fleiri af sýslufjelögunum í fjórðungnum afsali sjer tilkalli til hluttöku í styrknum eða neiti að leggja fram fje til móts við tiltölulega fjárveiting úr landssjóði af hinni umræddu styrksupphæð, þá skerðir það ekki rjett þeirra sýslufjelaga, sem nota vilja styrkinn og leggja fram að minnsta kosti 2000 krónur, til þess að fá alla hina veittu upphæð, 6000 kr., greidda úr landssjóði.

20. febr. **17** **Brjef landshöfðingja** *til biskups* **um eptirlaun prestsekkju.** — Með þóknanlegu brjefi, dags. 30. desbr. f. á., hafið þjer, herra biskup, sent mjer erindi prestsins að Eydölum, síra Þorsteins Þórarinssonar, ásamt umsögn hlutaðeigandi prófasts, þar sem tjeður prestur spyrst fyrir um það, hvort hann muni vera skyldur til að borga meira en $^1/_{12}$ hluta af föstum tekjum prestakallsins eins og þær eru að frágengnu 300 króna árgjaldi af brauðinu, í eptirlaun til prestsekkju, Þórunnar Stefánsdóttur, sem við lát prestsekkjunnar Helgu Guðmundsdóttur færðist frá landssjóði yfir á Eydala-prestakall til eptirlaunagreiðslu, svo og um það, hvort hann sje skyldur til að borga prestsekkjunni eptirlaunin í peningum, eða hvort hann geti vísað henni eða syni hennar, sem hún dvelur hjá, á að innheimta eptirlaunin af tilteknum tekjum brauðsins.

Út af þessu skal yður hjer með þjónustusamlega tjáð, til þóknanlegrar leiðbeingar og frekari birtingar, að eins og eptirlaun prestsekkju þeirrar, sem hjer er um að ræða, verða að ákveðast eptir þeim lögum og reglum sem giltu, þegar hún varð prestsekkja árið 1857, eins verður upphæð þeirra að miðast við þá stærð eða það tekjumagn brauðsins, sem þágildandi lagafyrirmæli áttu við, því að hún á samkvæmt 7. gr. laga um eptirlaun prestsekkna 3. okt. 1884 að fá sömu eptirlaun eins og hún hafði áður en hún missti eptirlaunarjett við það að giptast síðara manni sínum, sem ekki var prestur, og á ekki neins í að missa við það, þótt síðar hafi verið lagt árgjald á brauðið (sbr. ráðgjafabrjef